

4 listamenn með sam-sýningu á Kjarvalsstöðum


Ólíkar greinar á meiði nýlistar




Þór, Rúna, Rúrí og Ívar við uppsetningu sýningarinnar að Kjarvalsstöðum í vikunni. ljósm. Atli.

Á laugardag opna 4 ungir myndlistarmenn sýningu á myndverkum sínum í báðum söllum Kjarvalsstaða. Það eru þau Ívar Valgarðsson, Þór Vigfússon, Guðrún Þorkelsdóttir (Rúna) og Rúrí, sem sýna hver með sínum hætti nýja strauma í myndlistinni. Ívar Valgarðsson sýnir skúlptúra úr steinsteypu,

Rúna sýnir fínlegar þrykkimyndir sem hafa laufblöð og rissblöð að yrkisefni, Rúrí sýnir ógnvekjandi umhverfisverk úr gleri og blikki og Þór Vigfússon sýnir dýramyndir af öllum stærðum og gerðum. Öll eru þau fjórmenningarnir af sama árganginum í Myndlista- og handíðaskólanum, og




Rúrí með glerflísarnar sem hún ætlar að nota í umhverfisverk sitt að Kjarvalsstöðum. ljósm. Atli.



Þór Vigfússon í dýragarðinum. Dýramyndir hans eru ýmist mótaðar í gífs, skornar í tré eða málaðar á dúk, pappír eða postulín. ljósm. ólg.

þau stunduðu öll framhaldsnám í Hollandi, þar sem Rúna er reyndar búsett um þessar mundir.

Myndir þeirra og aðferðir við myndsköpun eru ólíkar við fyrstu sýn, en verk þeirra eru þó engu að síður greinar af þeim meiði nýlistar sem hér hefur verið að vaxa á síðustu árum. Á meðan myndir Rúnu hafa ljóðrænt yfirbragð, þá eru myndir Þórs fullar af gáska og lífsfjöri. Hjá Rúrí mætum við lífsháskanum í ótal glerflísam og skuggalegu blikkiverki, en steypuskúlptúrar Ívars koma okkur í ápreifanleg tengsl við náttúruform og fasta jörð. Sýning þeirra fjórmenninganna verður opnuð klukkan 2 á laugardag og er opin í 2 vikur.



Sæmundur Valdimarsson styður sig hér við Óþekktu alþýðukonuna. ljósm. Atli.

Sæmundur Valdimarsson á Kjarvalsstöðum

Um helgina opnar Sæmundur Valdimarsson sýningu á höggmyndum skornum í tré að Kjarvalsstöðum. Er myndir þessar unnar í rekavið á síðustu 10 árum, en Sæmundur hefur stundað út-skurðinn samhliða vaktavinnu í Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Sæmundur sýndi verk sín í fyrsta skipti 1974, þegar hann tók þátt í sýningu á íslenskrum alþýðulist í Gallerí SUM. Sæmundur hefur einnig sýnt verk sín í matsal Áburðarverksmiðjunnar.

Myndir Sæmundar sýna verur úr heimi godsögunnar og þjóðsögunnar. Í sumum myndanna notar hann þang, mararhálm, liti og jafnvel fiskroð til að skreyta mynd-

irnar með. Á myndinni sjáum við hvar Sæmundur stendur við stytta sem hann kallar Óþekktu alþýðukonuna. Konan er þrekmikil og þunguð, eins og sjá má, og sagðist Sæmundur hafa haft ömmur sínar í huga er hann gerði þessa mynd, en þær áttu 13 og 17 börn.

Sýning Sæmundar er á ganginum á Kjarvalsstöðum, og verður hún opnuð á laugardag kl. 2. Sæmundur sagði að myndirnar væru til sölu, en hins vegar vissi hann ekki nákvæmlega hvað þær ættu að kosta. Mér er ekkert um að selja þær, sagði hann, en það er víst ekki um annað að ræða, annars hleðst þetta bara upp hjá manni.

ólg.

Áttu við **GÓLF** eða **ÞAKVANDAMÁL** að stríða?

Betokem SUM gólfilögn

Betokem gólfilögnin harðnar svo fljótt að þú getur gengið eða lagt teppið á gólfid eftir 24 tíma. SUM gólfilögn hefur verið í þróun í Þýskalandi, Svíþjóð og Noregi sl. 15 ár og hefur sýnt að hún stenst fyllilega allar þær gæða-, þol- og styrkleikakröfur, sem settar voru í upphafi og síðar hafa komið fram. Það hefur enda sýnt sig á söluþróuninni sl. 7 ár að þarna er á ferðinni algjör bylting í gólfilögn, salan hefur nánast potíð upp og ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn fyrr en nú.

FILLCOAT

gúmmíteygjanleg samfelld húð fyrir málmþök. Er vatnshelld. Inniheldur cinkromat og hindrar ryðmyndun. Ódýr lausn fyrir vandamálaþök. Ábyrgð – greiðslukjör.

LAUSN ER ENDIST ÓTRÚLEGA VEL:

Við erum með fjölmargar gerðir af gólfilagningarefnum sem þola ótrúlegt álag. Það er sama hvort um er að ræða gólfid í sturtuklefanum, matsalnum eða á bílaverkstæðinu. Vandamálið leysum við á fljótan og öruggan hátt.

SIGURDSSON
HAFNARFIRÐI SÍMI 50538